

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2002

frá 19. apríl 2002

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/38/EB frá 5. júní 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 93/7/EBE) í XXVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0038:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/38/EB frá 5. júní 2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 43).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/38/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 1.3.2001, bls. 16 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 177.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 43.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.